

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 29. maí 2012

Tilvísun: 201205-0046/0.03.02

Umsögn um frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar, þingskjal 1171 — 733. mál.

Vísað er til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis eftir umsögn um ofangreint frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar sem barst í tölvupósti, dags. 11. maí 2012.

Skv. 1. mgr. 49. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum nr. 388/1989 um skráningu og skoðun farandvinnuvéla og vinnuvéla þá ber Vinnueftirlitinu að skrá og skoða vinnuvélar. Við skráningu vinnuvéla hjá Vinnueftirlitinu þá er sett sérstakt skráningarmerki á vélina og er haldið utan um alla stjórnáslu með skráningu og skoðun þeirra með miðlægrri tölvuvæddri skrá er jafnan er kölluð vinnuvélaskrá, en upplýsingum úr henni er miðlað á netinu.

Þar sem 3. tölul. 3. gr. frumvarpsins, sem skilgreinir andlag þess sem á að vera váttryggingarskyld, vísar til 70. gr. frumvarps til nýrra umferðarlaga verður ekki annað ráðið en að ætlunin sé að gera þær vinnuvélar sem notaðar eru til aksturs á vegum í almennri umferð, váttryggingarskyldar. Það ræðst af því að 70. gr. frumvarps til nýrra umferðarlaga gerir ráð fyrir að slíkar vinnuvélar verði einnig gerðar skráningarskyldar hjá Umferðarstofu. Þetta er nýmæli því hingað til hafa þær verið undanþegnar váttryggingarskyldu.

Skv. upplýsingum frá vinnuvéladeild Vinnueftirlitsins munu a.m.k. 3000 vinnuvélar verða váttryggingarskyldar ef frumvarpið verður að lögum. Aðallega mun vera um að ræða ýmiskonar gröfur, hjólaskóflur, veghefla og valtara auk annarra vinnuvéla. Þessar vélar eru að langmestu leyti í notkun á vinnustöðum, en fara í almenna umferð þegar þær eru fluttar milli vinnustaða. Eins og áður hefur komið fram eru vélarnar skráðar hjá Vinnueftirlitinu og skoðaðar m.t.t. öryggis. Vinnueftirlitið gerir engan athugasemdir við það að slíkar vinnuvélar verði gerðar váttryggingarskyldar, enda hægt að koma slíku við þó vélarnar séu skráðar hjá stofnuninni, þannig væri hægt að koma í veg fyrir tvískráningu. Hins vegar gerir stofnunin eftirfarandi athugasemd við frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar:

Skilgreining á ökutæki (3. tölul. 3. gr.)

Skv. 3. tölul. 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að ökutæki skuli vera skilgreind sem „Tæki sem skráningarskyld eru skv. 70. gr. umferðarlaga“. Með lögum um bílaleigur nr. 64/2000 var núgildandi 70. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 felld brott. Af athugasemdum við frumvarpið kemur í ljós að verið er að vísa til frumvarps til nýrra umferðarlaga. Það er óheppilegt að skilgreining á sjálfu andlagi þess sem verið er að gera váttryggingarskyld með frumvarpi til laga um ökutækjatrýggingar sé háð óvissu. Frumvarp til nýrra umferðarlaga hefur ekki verið samþykkt sem lög frá Alþingi og jafnvel þó svo verði þá er mögulegt að það muni taka breytingum í meðferðum Alþingis enda er um veigamikla löggjöf að ræða.

Af ofangreindum ástæðum þá gerir Vinnueftirlitið það að tillögu sinni að skilgreining á ökutæki verði með þeim hætti að vísað verði til þeirra tækja sem eru skráningarskyld skv. gildandi umferðarlögum og gildandi lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Nánar tiltekið leggur Vinnueftirlitið til að eftirfarandi breytingar verði á 3. gr. frumvarps til laga um ökutækiaftryggingar:

Í stað 3. tölul. kemur nýr 3. tölul. svohljóðandi: *Ökutæki:* Tæki sem skráningarskyld eru skv. gildandi umferðarlögum og vinnuvélar sem skráningarskyldar eru skv. gildandi lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem aka á vegum í almennri umferð.

Virðingarfyllst
f.h. Vinnueftirlitsins

Eyjólfur Sæmundsson
forstjóri

Björn Þór Rögnvaldsson
lögfræðingur